

Fundur fagráðs um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Dalshrauni
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	06.09.2018
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Ólafur R. Dýrmundsson, Sigríður Björnsdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir. Erna Bjarnadóttir, Henry Alexander Henrysson og Katrín Andrésdóttir sátu fundinn í gegnum		

Dagskrá fagráðs um velferð dýra 06. september 2018

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Vinnureglur fagráðs um velferð dýra
4. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfuglum. Rannsóknin snýr aðallega að því að afla upplýsinga um ferðir fuglanna og dreifingu utan varptímans með því að setja á þá GPS gagnarita á varptíma. Umsækjandi er ekki með tilskilin réttindi til að stunda dýratilraunir og veitir fagráð ekki jákvæða umsögn og umsókninni hafnað. Varptímabili er lokið og ekki liggja fyrir upplýsingar hvort rannsóknin hafi verið framkvæmd vorið 2018. Fagráð hvetur Matvælastofnun til að kanna hvort rannsóknin hafi farið fram þrátt fyrir að ekki hafi verið búið að veita leyfi fyrir henni.
 - b. Dægursveiflur í bleikju. Markmið rannsóknarinnar er að prófa með vettvangstilraunum og við tilraunaaðstæður, röð tilgáta um það hvernig dægursveiflur í virkni bleikju í ám eru mótaðar af svipfari og vistfræðilegum aðstæðum. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar fyrir árið 2019. Fagráð hvetur MAST til að kanna hvort rannsóknin hafi verið framkvæmd á árunum 2017 og 2018 þrátt fyrir að leyfi hafi ekki verið til staðar.
 - c. Greining á tjáningu og hlutverki MITF í músum en sótt er um framhald á fyrri tilraun, sem leyfi var veitt fyrir en samkvæmt umsókninni er verið að óska eftir leyfi til að viðhalda stofni erfðabreyttra músa. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
 - d. Verið að kanna hvort Rana-veirur úr hrognkelsum geti sýkt lax í eldiskvíum þ.e. hvort Rana-veira úr hrognkelsum nái að fjölda sér í laxi og hvort hún valdi þeim skaða. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar hefur ekki tilskilin réttindi til að stunda dýratilraunir og fagráð veitir þ.a.l. ekki jákvæða umsögn og umsókn hafnað. Auk þess þarf frekari rökstuðningur um það hvort dýrin þjáist eða ekki að liggja fyrir.
 - e. Erfðarannsókn á hrossum til að kanna arfgengi drómasýki í hrossum. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
 - f. Verið kanna mismunandi aðferðir við bólusetningu vegna sumarexems í hrossum og verður gerður samanburður á virkni mismunandi aðferða og með mismunandi hjálparefnum. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
3. Vinnureglur fagráðs. Farið sameiginlega yfir drög að vinnureglum fyrir fagráð og teknar inn athugasemdir. Uppfærð lokadrög verða send aðilum fagráðs til yfirlestrar og gefið færi á að koma með

frekari athugasemdir. Vinnureglurnar verða svo lagðar fram á næsta fundi fagráðs til samþykktar. Þá var ákveðið að fundir skyldu haldnir 4ja hvern miðvikudag hvers mánaðar nema í júní, júlí og desember þá falla reglulegir fundir niður.

4. Önnur mál

- a) Fyrirspurn er lögð fram um það hvort fagráð hafi áður tekið fyrir tilraun þar sem staðsetningartæki eru sett á dýr.
- b) Önnur fyrirspurn er lögð fram varðandi sýningar á dýrum og snýst um það hvort slíkt sé tilkynningaskyldt eða ekki. Lög um velferð dýra nr. 55/2013 gera ekki kröfu um að tilkynna skuli sýningar á dýrum en slík tilkynningarskylda hefur verið sett inn í stöku reglugerðir um velferð dýra. Því er beint til MAST að skoða hvort taka eigi tilkynningarskyldu upp gagnvart öllum dýrategundum og hvort birta eigi slíkar tilkynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur er áætlaður 26. september 2018 .